# Fundargerð

130. fundur íþrótta og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að

Tjarnargötu 12, 28.maí 2019, kl. 16:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Brynjar Freyr Garðarsson, Jón Haukur Hafsteinsson, Jóhannes A. Kristbjörnsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll: Helgi Arnarson, sviðsstjóri Fræðslusviðs.

Gestir fundarins undir máli númer eitt: Arnar Pálsson og Snædís Helgadóttir ráðgjafar frá Capacent.

***

**1. Uppbygging íþróttamannvirkja og svæða - rýnivinna (2019050297)**

Arnar Pálsson og Snædís Helgadóttir ráðgjafar Capacent gerðu grein fyrir málinu.

**2. Hreyfivika UMFÍ í Reykjanesbæ 27.05 - 02.06 (2019051876)**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir dagskrá hreyfivikunnar í Reykjanesbæ.

**3. Úthlutun íþróttasjóðs vinnureglur (2019050294)**

Íþrótta- og tómstundaráð telur að nauðsynlegt sé að hækka styrki til íþróttafólks sem ferðast til útlanda á vegum landsliða sinna. Vísað til vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

**4. Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum (2019051880)**

Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum lögð fram.

Önnur mál:

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Rúnari V. Arnarsyni fyrir vel unnin störf sem formaður ÍRB og um leið er Guðbergi Reynissyni óskað til hamingju með formannsembættið.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.00